

Ár 2008, mánudaginn 5. maí kl. 14:30 er dómþing áfrýjunardómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands háð á skrifstofu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í Laugardal af Snorra Olsen, Karli Gauta Hjaltasyni og Halldóri Frimannssyni.

Fyrir er tekið
Mál nr. 4/2008
Knattspyrnufélagið Valur
gegn
Knattspyrnufélagi Reykjavíkur

Skjöl málsins nr. 1, liggja frammi.

Forseti upplýsti að stjórn ÍSÍ hafi skipað Halldór Frimannsson Ad Hoc í þessu máli í dómstólinn, vegna vanhæfni annarra dómara dómstólsins.

Fyrir dóminn mæta nú fyrirvarsmenn aðila máls þessa, Guðjón Ólafur Jónsson hrl. fh. áfrýjanda Knattspyrnufélagsins Vals, og Guðjón Kristinsson fh. Knattspyrnufélags Reykjavíkur, KR.

Fyrstur tók til máls af hálfu áfrýjanda Guðjón Ólafur Jónsson hrl. og gerði grein fyrir sjónarmiðum áfrýjanda um að dómstóllinn bæri að taka efnislega á málinu, þar eð úrslit þess hafi almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

Næstur tók til máls fyrirvarsmaður KR, Guðjón Kristinsson og vildi vísa í gögn málsins varðandi þeirra hlið málsins.

Að svo búnu er málið tekið til dóms.

Málið er dómtekið.

Upplesið, staðfest
Guðjón Kristinsson (sign)
Guðjón Ólafur Jónsson (sign)

Var nú kveðinn upp svohljóðandi dómur

D Ó M U R:

Það er álit dómsins að mál þetta hafi ekki almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Ber því að vísa máli þessu frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

D Ó M S O R Ð:

Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ

Snorri Olsen (sign)
Karl Gauti Hjaltason (sign)
Halldór Frimannsson (sign)